

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta, að % stjórnar sjóðsins sé því samþykkt og breytingarnar hljóti auk þess samþykki næsta aðalfundar Skógræktarfélags Íslands með $\frac{3}{4}$ greiddra atkvæða.

11. gr.

Með skipulagsskrá þessari fellur úr gildi skipulagsskrá fyrir Landgræðslusjóð nr. 94 frá 18. júní 1946 og viðaukaskipulagsskrár nr. 110 frá 12. september 1955, nr. 64 frá 21. apríl 1964 og nr. 359 frá 28. september 1977.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. ágúst 1991.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitu Hveragerðis.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitu Hveragerðis, er tákni gildi 1. september 1991:

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Hveragerðis, nr. 135, 18. mars 1991:

Orkugjald, samkv. töxtum C1, C2, C3, D1 og D2 hækki um 5%
Aðrir liðir gjaldskrárinnar verði óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytið, 14. ágúst 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Hafnarfirði.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum, svo og stækkunum eldri húsa hvort sem er á eignar- eða leigulóð í Hafnarfirði, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari.